

Norræn vefjarlist



LISTA HÁTÍÐ 1974

Norræn vefjarlist nefnist sýning, sem Norræna húsið gengst fyrir í tilefni listahátíðar. Vefjarlist er nýyrði í tungu vorri og mun eiga að koma í stað myndvafnaðar sem útlagning alþjóðlega orðsins „textil“. Orðið lætur vel í munni, en hins vegar er ég óviss um, að það spanni allt hugtakið „myndvafnaður“ svo sem hann kemur mér fyrir sjónir í dag, því að þar er vefurinn ekki jafnan aðalatriðið og vefstóllinn því síður, en yfir hið sigilda dúka- og teppaform er varla til betra orð. Í nútíma myndvafnað eru ekki einungis notaðar hinar ólíkustu tegundir ullarbands heldur einnig „sisal“, hrosshár, ýmsar tegundir skinnna, svo og gervipræðir og efni ýmiss konar. Þótt menn kunni að vera á móti notkun annars en náttúruvefna, eru þetta staðreyndir, sem ekki er hægt að loka augum fyrir, jafnframt því að myndvafnaður einskorðast ekki lengur við veggflötinn einan heldur hefur hann einnig tekið á sig mynd sjálfstæðs mótunarhlutar í þrívíðu rúmtaki.

A sýningunni í Norræna húsinu sjáum við gott dæmi um notkun gerviefna og upphleypts forms („relief“) í myndum finnsku listakonunnar Irmu Kukkasjärvi (f. 1941), sem virðist kafa í tilraunir með gerviefni nútímans og þá möguleikum, sem þar eru faldir. Það er ferskur og svalur léttleiki yfir hinum stóru formum mynda hennar úr trefjaglerspráðum og hún mun vafalítið vekja einna mesta athygli hinna norrænu listakvenna sökum nýstárleika verka sinna. Irma hefur sjálf sagt réttilega í blaðaviðtali, að myndir hennar séu ekki dæmigerðar fyrir finnskan myndvafnað í dag, en þó eru þær dæmigerðar fyrir ríkjandi frjálslyndi og tilraunir á þessu sviði í heimalandi hennar. Greinarhöfundur sá gott dæmi um ferskar, skemmtilegar og margslungnar tilraunir í

litar sjálf og spinnur. Vefnaður hennar er mjög vandvirkislega unninn, lætur lítið yfir sér í fyrstu, en vinnur sennilega meira á, er frá líður. Eg varð fyrir mestum áhrifum af myndinni „Blátt teppi með punktalínunum“ sökum dýptar og fegurðar hins bláa litar og magnaðrar stemmningar.

Sænski fulltrúinn Marie Adlercreutz (f. 1936) kom mér á óvart með hinn sérkennilega vefnað sinn og hina miklu og tæru efniskennnd, er listakonan speglar ásamt djúpum mannlegum kenndum, sem ekki birtast einungis í vali á myndefni heldur

rúmi, auk þess sem færeyskan fulltrúa vantar og trúir ég ekki öðru en að vefjarlist finnist þar einnig í einhverri mynd. Eitt teppi eftir hvern íslensku fulltrúanna, sem við gerðum, hefði verið nóg, eða þá einn fulltrúi með 4 teppi.

Annars standa hinir íslensku fulltrúar sig sómasamlega í þessum félagsskap, einkum kemur Ásgerður Búadóttir (f. 1920) vel út með sinn einfalda, en formsterka vefnað og persónulega svipmót. Barbara Arnason (f. 1911) virðist jafnan eiga eitt-hvað nýtt í pokahorninu, og hið stóra hringlaga teppi hennar kemur á óvart, einkum er efri helmingur þess vel mótaður, en hin hlutlægu form í neðri helmingnum virðast mér full ítek. Myndir Vigdísar Kristjánsdóttur finnst mér ég hafa séð áður og stínga þær flestar mjög í stúf við annað á sýningunni. Virðist mér teppið „Heimprá“ (nr. 4) falla þar best að. En hér er um vafasamt val á myndum þessarar listakonu að ræða, því að á slíkri sýningu er ekki aðalatriðið að vera með heldur að örva og kveikja.

sviðið virðist mér full þröngt hér heima. Vantar nýtt ferskt líf- og leitandi í íslenskan myndvafnað og er því hérmeð komið á framfæri.

Ekki get ég skilið við þetta efni án nokkurra víðari hugleiðinga um myndvafnað almennt. Myndvafnaður er ævaforn listgrein og eru elztu minjar hans frá því fyrir tveim árþúsundum fyrir Krists burð, fundnar í Egyptalandi. Refillinn mikli frá Bayeux er elzta varðveitta teppið frá miðöldum í Evrópu og snertir að nokkru íslenska sögu að því er talið er. Frá miðri tölftu öld eru til teppi, sem voru m.a. gerð til skreytinga í kirkjum í neðra Saxlandi. Á fjórtándu öld er myndvafnaður hagnýttur í æ ríkara mæli til heimilisskarts, og við hlið hins trúarlega myndefnis birtist nú einnig veraldlegt.

Miðstöðvar framleiðslunnar verða París og Arras, því nefna Ítalir myndvafnað ósjaldan „arrazzi“. Á fimmtándu til sauðtjándu öld hefur Flæmingjaland forustuna og þar vefur P. van Aels hin frægu teppi eftir frumdráttum Rafaels árin

verið og er enn, en þær raddir hafa komið fram og verða æ háværar, að nútíma myndvafnaður eigi ekki síður erindi til karla, því að hér hafi opnast vítt og lokkandi svið við breytt viðhorf jafnt körlum sem konum.

Raunar hafa nokkrir karlmenn lagt stund á þessa listgrein og einn kannast ég við, sem náð hefur heimsfrægð, franski listamaðurinn Jean Lurcat (1892 — 1966), og við hann eru vefjarlistar-biennalarnir í Lausanne í Sviss kenndir. Heimssýning listiðnaðar var eða verður haldin í Toronto í Kanada á þessu ári og sendu Finnar úrval myndvafnaðar 24 listkvenna þangað auk annars. Vissulega þarf að vera sjálfsagt mál, að Íslendingar taki þátt í slíkum sýningum í framtíðinni sem fullgildir aðilar og myndi það verða mikil lyftistöng íslenskum listiðnaði og að sjálf-sögðu almennum iðnaði um leið, hækka ris hans, því að framúrskarandi listiðnaður hlýtur að hafa bætandi áhrif á almennan iðnað.

Íslendingar þurfa að gefa þessum málum meiri gaum, handa-

Myndlist

eftir BRAGA
ÁSGEIRSSON



myndvafnaði í safni, sem kennt er við Amos Andersson í Helsingfors í fyrrasumar og virtist vefstóllinn vera einungis eitt atriði í gerð hans. Verksvið Irmu Kukkasjärvi er ekki frjáls myndsköpun eingöngu heldur hönnun húsgagna-áklæða fyrir verksmiðjur, og mætti það vera nokkur ábending fyrir íslenskan iðnað að hagnýta sér í ríkari mæli reynslu og kunnáttu íslenskra kvenna, sem lagt hafa út á þessa braut og unnið sér nafn.

Norska listakonan Synnöve Aurdal (f. 1908) kemur einnig oft nútímalega fram í vefnaði sínum, en viðhefur þó sigildari vinnubrögð. Teppi hennar „Regn“ er mjög finlegt og skemmtilegt, en nýtur sín ekki sem skyldi í upphengingu. Hið stóra og volduga teppi „Varme kilder“ er máski fallegasta teppið á sýningunni og vinnur á við hverja nýja heim-sókn á sýninguna. Eru hér viðhöfð sigild vinnubrögð, þar sem saman fara mikil tæknileg þekking og næm tilfinning fyrir efni og litbrigðum.

Danski fulltrúinn Nanna Hertoft (f. 1936) er mjög hefðbundin í vinnubrögðum sínum, hún notar oft gobelín-tækni með ull og handunnu garni, sem hún

einnig í lit, áferð og vinnubrögðum. Myndvafnað sinn nefnir hún „sokkastopp“ — áferð, þar sem hún vefur úr heimalituðu ullargarni. Eg hef naumast áður orðið fyrir jafn sterkum áhrifum fyrir framan pólitískt verk og það, sem hún hefur gefið nafnið „Í augum hennar er ljós fólksins varðveitt“. Myndin er ofin eftir fréttamynd frá Viet Nam, en sú lífræna viðbót, sem frábært handverk, skýr og kristalstær útfærsla, ásamt djúpum mannlegum tilfinningum ljær þeim, höfðar margfalt meira til áhorfandans en nokkur augnabliksmynd. Hér hefur tíminn yfirtekið mynd augnabliksins.

Það er sláandi, hve þessi látlaus einlæga mynd er miklu áhrifaríkari þjóðfélagslegum realisma í austurblokkinni og formúlaraðri áróðurslist samkvæmt valdboði að ofan, eða öfga-fullri og tæknilega gallaðri áróðurslist vestursins. — Hér sannast það, að einfaldleikinn og látleysið snerta við dýpstu og varanlegustu tilfinningunum.

Íslensku þátttakendurnir eru jafnmargir hinum norrænu gestum, og vekur það nokkra furðu mína að tækifærið til að kynna sem mest af norrænum nútíma-vefnaði skyldi ekki sitja í fyrir-

Hildur Hákonardóttir (f. 1938) er efnileg listakona, sem vakið hefur athygli á þessu sviði á undanförunum árum, og sú, sem líkleg er til meiri afreka og forvitnilegra. Hildur geldur þess, að annað teppi hennar er við hliðina á áður-nefndu framlagi Mariu Adlerkreutz og nýtur sín ekki allskostar þar. Hins vegar má það vera Hildi lærdómsríkt að uppgötva tilgangssleysi þess að tjá sig nokkrum orðum á ritmáli á fleti teppis síns við hlið verks, sem segir heila sögu án þess að annað en táknmál hinnar tæru myndlistar sé að verki. Teppi Hildar „Eroika — Erotik“ er líflegri í lit en flest það, er frá henni hefur komið, en ástríðubrungið heildarform fylgir ekki að öllu leyti styrkleika litanna.

Sem fyrr segir hefði ég óskað eftir færri myndum gestgjafanna, en því fleiri mynum af framúr-stefnuvefnaði frá hinum Norðurlöndum, hvort sem hann telst til háleits handiðnaðar eða flatneskjulegrar útpýntrar myndlistar, slíkt er smekksatriði, en listvafnaður hefur orðið fyrir miklum áhrifum frá framúr-stefnulist. Sjálfur sá ég fjöldann allan af mjög áhugaverðum vefnaði á Norðurlöndum á sl. sumri og

1516—'19, sem nú eru í Vatikaninu í Róm. Á 17. öld stofnaði Lúdvík 14. konunglegu vefjarlistastofnunina í París. Á 19. öld glatar hinn handgerði vefnaður þýðingu sinni vegna vélrænni aðferða en maður að nafni Jaquard fann um aldamótin 1800 upp vél er kennd var við hann og margfaldaði afköstin og ýtti hinum dýrari og verðmætari vefnaði til hliðar um stund. Hlutur tuttugustu aldar hefur þannig verið að endurvekja hin gömlu vinnubrögð í margvíslegri mynd og frjálsara og óbundnara formi, þar sem höndin og tilfinningin fyrir efni og formi sitja í öndvegi.

Frá þessum höfuðstöðvum mun svo listgreinin hafa borizt til Norðurlanda og má segja, að hún standi á traustum grunni. Konur hafa setið við vefstólinn öldum saman og ofið dúka í klæðnað, hvers konar nýtsama hluti til heimilisparfa og svo veggteppi til skrauts. Vefstóllinn sjálfur er margslunginn og skemmtileg smíð og gleymi ég seint miklum og rammgerðum vefstóli sem ég sá í litlu safni fornminja í Silkeborg, en sú smíð er mér minnstæð sem gildur skulptúr.

Vefjarlist er öðru fremur listgrein kvenþjóðarinnar, hefur svo

vinna í skólum, sem að slíkum atriðum lýtur, er langt á eftir tímanum að ekki sé sterkara að orði kveðið og þarf því að takast til gagnerrar endurskoðunnar og uppstokkunnar. Við þurfum stærri og víðameiri sýningu slíkra hluta hér og ekki aðeins listvafnað heldur einnig sýnishorn þess, sem gert er á þessu sviði í almennum skólum erlendis til uppbyggingar skapandi atriða.

Það er ekki nægilegt að stefna hingað nokkrum listakonum frá Norðurlöndum og skrafa um fjölbreytta sýningu. Slíkur framláttur er einnig rangur, því að svo mikið er að gerast í myndvafnaði og hefur verið að gerast undanfarin ár, að þetta getur einungis talist takmörkuð innsýn í nýjar aðferðir innan myndvafnaðar og vísa ég hér til ummæla listakonunnar í upphafi greinarinnar. Vera má, að þetta geti talist fjölbreytni á íslenskan mælikvarða, en mælistika höfðatölureglunnar á ekki að eiga hér heima, við eigum að gera hærri og metnaðar meiri kröfur en svo í okkar eigin garð. En fyrir utan þá hnökra, sem ég hef hér tínt til, er sýningin mikilsvert framlag til listahátíðar og ber að þakka Norræna húsinu fyrir framtakið.